

Lucio Kraftmikill spegill sem rímar vel við þá innanhúshönnun sem ráðandi er í dag en Siggí Anton segir að hann sé mótspil við kuldalegt andrúmsloft sem mörgum finnst fylgja modernískri hönnun.

Lucio fer í framleiðslu

Hönnuðurinn Siggí Anton hefur vakið verðskuld- aða athygli í hönnunarheiminum sjáan hann var valinn einn af tíu áhuga- verðustu hönnuðunum á sýningunni SaloneSatellite í Milánó í fyrravor. Nú er framúrstefnulegur spegill að nafni Lucio úr smíðu hönnuðar- ins í framleiðsluferli fyrir fyrirtæki í New York og er Siggí Anton í sam- starfi við hafnfirskt fyrirtæki sem mun framleiða speglinn til útflut- ings og sölu í Bandaríkjunum. „Við notum framleiðslumöguleika fyr- irtækisins og fagþekkingu og vinnum Lucio saman,“ segir Siggí Anton.

Með speglinum Lucio vill Siggí Anton hjálpa fólki að komast inn að kjarnanum í sjálfu sér, slaka á og njóta þess að vera til. „Maðurinn hefur frá örófi alda sótt í róandi til- finningar með því að stara í loga, ar- ineld eða horfa á stjörnur. Til- finningarnar sem það skapar er vellíðan og sálarró. Lucio skapar slíka upplifun,“ segir Siggí Anton en í speglinum sameinast straumar og stefnur klassískrar nútímahönnun- ar. „Sá margbreytileiki sem kem- ur upp í hlutnum með samspili bak- lýsingar og spegla gefur áður óþekktá sýn á rýmið sem hann er í.“



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Siggí Anton Stefnir á að koma hönnun sinni í tímaritið Wallpaper.

Annað verk eftir Sigga Anton, borðið Heavy metal table, mun birtast í bók í nóvember eftir Lauru Housley sem fjallar um 500 áhugaverð- ustu hönnuði í heiminum í dag.

Hjólin eru því sannarlega byrjuð að snúast hjá Sigga Antoni og getur hann horft jákvæðum augum fram á veginn enda er hann drifinn áfram af háleittum markmiðum. „Ég hef alltaf stefnt hátt og miða hönnunina við að koma henni í tímaritið Wallpaper.“

Miðað við velgengni í upphaf fer- ilsins verður vart langt í að sá draumur verði að veruleika.

gudrunhulda@mb.is

Spegillinn Lucio eftir Siggí Anton fæst í númeruðum ein- tökum í húsgagnaveruluninni Modern, Hlíðarsmára 1.


Nytjalist í nýjar hæðir

Framleiðsla, hönnun og list spiluðu saman á sýningunni 8+8 Made in Hafnarfjörður sem fer nú fram í Gallerý Dverg í Hafnarfirði. Þar tóku átta hafnfirsk framleiðslufyr- irtæki upp samstaf við átta hönnuði og þróðu saman nýja vöru til að skapa framleiðslu fyrirtækjanna sérstöðu og ímynd og þar með auka verðgildi framleiðslunnar. Allir unnu hönnuðirnir út frá núverandi sér- kennum og framleiðslumöguleikum fyrirtækjanna.

Eitt þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í samstarfinu var RB Rúm sem Ragnar Björnsson stofnaði fyrir 65 árum. Birna Ragnarsdóttir, dóttir Ragnars, segist hafa viljað fagna margra ára starfsemi fyrirtækisins í Hafnarfirði með því að taka þátt.

„Við erum búin að framleiða gesta- rúm, sem hægt er að keyra inn í skáp, í mörg ár og selja með góðum árangri. Hugmyndin að vörinni sem við unnum með hönnunarhópnum El último grito var sú að upphefja notk- unarmöguleika rúmsins og ákváðu listamennirnir að útbúa eins konar skilrúm í stað þess að fella rúmið inn í skáp,“ segir Birna en þau voru í samstarfi við spænsku hönnuðina Rosario Hurtado og Roberto Feo frá Madrid. „Pau máluðu því listaverk á dýnuna og virkar hún sem standandi listaverk þegar rúmið er ekki í notk- un, en síðan er hægt að keyra rúmið niður þegar það hentar.“

Niðurstaðan varð áhugaverð út- færsla á rúmi, sem virkar sem gesta- rúm, skrautlegt listaverk og lítið skilrúm.



Morgunblaðið/G.Rúmar

Skilrúm Afrakstur samstarfs hönnunarhópsins El último grito og fyr- irtækisins RB Rúm voru þessi sérstöku listaverkaskilrúm.



Morgunblaðið/Ómar

Eftirlæti

Gínan sem þolir ekki karlmenn

„Ninna þjónaði sólbaðstofu í mörg ár, stóð í glansbikinnum og beið eftir að ein- hver keypti þau. Síðan lagði sólbaðs- stofan upp laupana og hún komst í mín- ar hendur,“ segir Aldís Gyða Davíðsdóttir leiklistarnemi um uppá- haldshlutinn á heimili sínu, gínuna Ninnu.

Ninna hefur verið í eigu Aldísar í níu ár og hefur flutt með eiganda sínum á fimm heimili. Hún er dyggur vörður Aldísar og lætur sér það varða hverja hún umgengst. „Ninna þolir ekki karlmenn. Í hvert skipti sem karlmenn koma ná-

lægt henni detta af hennir útlímir og hún lætur illum látum. Hún vill hvorki hafa þá nálægt sér né mér.“

Aldís flutti til Lundúna á dögnum og tók þá ákvörðun að flytja Ninnu ekki með. „Það hafa margir falast eftir Ninnu, en ég mun ekki láta hana. Hún mun standa glæst á heimili vinkonu minnar á meðan ég mennta mig,“ segir Aldís og bætir við að ákvörðunin hafi verið henni afar erfið og lýsir sökn- uðinum að hætti Vilhjálms Vilhjálms- sonar. „Mér finnst ég varla heill né hálf- ur maður eftir viðskilnað okkar Ninnu.“

Taktu þátt í spennandi lukkuleik á glænýjum vef og skoðaðu skemmtileg herbergi fyrir hressa stubba:

stubbasmidjan.is

Lukkuleikurinn stendur til 26. september